

Skólaráðsfundur 12.2. 2026

Mætt: Inga Rakel Einarsdóttir, Ingibjörg María Aadnegard, Alma Auðunardóttir, Sigurveig Birgisdóttir, Hákon Steinsson, Íris Huld Christersdóttir og Arnheiður Guðmundsdóttir.

Lesfimispróf:

Staðan í janúar 2026 orð á mínútu komu vel út í öllum árgöngum Engidalsskóla miðað við landsmeðaltal. Niðurstöður verða aðgengilegar á island.is. Það eru nákvæmar mælitölur þar sem niðurstöður eru vel útskýrðar. Viðmið Engidalsskóla er að vera í mælitölu 10 sem er í meðaltali. Í mars 2026 verða stöðu og framvindupróf í 4.-10. bekk. Vikuna 2.-6. mars munu 6. og 7. bekkur taka próf í stærðfræði og lesfimi og 9.-13. mars verða prófin lögð fyrir 4. og 5. bekk. Tveir prófdagar á hvern árgang. Sýnispróf sem eru öllum aðgengileg á island.is. Þar eru nákvæmar upplýsingar hvernig prófið er unnið. Þar verður meðal annars lestrarstika sem aðstoðar nemendum við lestur. Auk þess verður hægt að nota áherslupenna til að lita yfir áherslu setningar. Meginmarkmið prófanna er hvað nemendur þurfa að leggja meiri áherslu á í náminu. Í lokin verður hægt að sjá niðurstöðu nemenda og miða við landsmeðaltal. Mælitala segir til um árangur í prófi. Hún segir til um hvernig nemandi stendur sig að meðaltali í prófi. Sem dæmi ef nemandi fær mælieininguna 11 og 57% nemenda á landvísu fá sömu mælitölu þá er raðeinkun því 57. Prófið mun vera opið í 80 mínútur.

Annað:

Önnur mál sem rædd voru varðandi matarstund. Óánægja foreldra með matinn og að einhver kæmu svöng heim. Matarstund hefur tekið vel í allar ábendingar og stjórnendur þar verið sýnilegir innan skólans tilbúin að gera betur. Það er þeim mjög mikilvægt að laga allt sem upp kemur og bæta úr því sem illa gengur. Tekið er vel í allar ábendingar og unnið úr öllum ábendingum sem til þeirra koma frá starfsfólki, aðstandendum og nemendum. Þau hafa verið í stuttan tíma með þessa þjónustu og því gefum við þeim tækifæri til að bæta sig.